

Fornleifarannsóknir á vegum Hins þingeyska fornleifafélags í Suður-Þingeyjarsýslu 2010

**-Samantekt um vettvangsrannsóknir á vegum Hins þingeyska fornleifafélags
og kynningarverkefnið „fornir fimmtudagar“, sumarið 2010-**



**Gestir og fornleifafræðingar á „fornum fimmtudegi“ við torfvegginn merkilega og barnskumlið, stoðar-
og beinaholurnar í kumlateignum á Ingiríðarstöðum. Mynd tekin úr flugdreka: David Stott**

Hið þingeyska fornleifafélag, 2010

Howell Magnus Roberts, Elín Hreiðarsdóttir og Unnsteinn Ingason

Fornleifarannsóknir Hins þingeyska fornleifafélags í Suður-Þingeyjarsýslu 2010

Á undangengnum mánuðum hafa starfsmenn Fornleifastofnunar Íslands, á vegum Hins þingeyska fornleifafélags, unnið að fornleifarannsóknum víða um Þingeyjarsýslu. Rannsóknirnar hafa gengið afar vel og leitt til nýrrar og aukinnar þekkingar á svæðinu í heild sem og einstökum minjastöðum. Fjölmargar nýjar spurningar hafa kviknað og áður óþekktar minjar fundist – sem allt kallar á áframhaldandi og ítarlegri rannsóknir. Áhersla var lögð á kynningu helstu niðurstaðna til almennings með umfjöllun í ljósvaka- og prentmiðlum auk þess sem reglulega var upplýsingum miðlað á vefsíðu Hin þingeyska fornleifafélags www.fornleifafelag.is og á vefsíðu Fornleifastofnunar Íslands, www.instarch.is.

Rannsóknir hófust á Litlu Núpum um miðjan júlí og samhliða var lokið við gerð frumdraga minjakorts af eyðibýggðinni á Seljadal og lauk þar þriggja ára vettvangsvinnu. Frá Litlu Núpum var haldið í Þegjandadal, nánar tiltekið á Ingiríðarstaði þar sem unnið var til loka starfstíma á vettvangi sem var um miðjan ágúst. Samhliða var unnið að rannsóknum á „Þórutóftum“ á Seljadal og uppmælingu og myndatökum af minjasvæðinu í Skuldaþingsey og Þingey.

Samhliða rannsóknum var verkefninu „Fornir fimmtudagar“ hleypt af stokkunum en með því var almenningi og ferðafólki gefinn kostur á að heimsækja fornleifafræðinga á vettvangi í fimm skipti á fimm mismunandi staði og voru viðtökur framar björtustu vonum.

Grunnur að minjakorti af Seljadal

Sumarið 2010 var haldið áfram vinnu við gerð minjakorts af Seljadal. Skráningin hófst þar sem frá var horfið í fyrra sumar og minjar í bæði austan- og vestanverðum dalnum sunnanverðum og í dalsmynni skráðar. Að þessu sinni voru skráðar minjar á svæði sem um langa tíð hefur tilheyrt stórfjörðunum Breiðamýri og Einarstöðum í Reykjadal ásamt Kvígindisdal sem var síðasti bærinn í dalnum, í byggð allt fram á allra síðustu ár. Sem fyrri ár voru áberandi minjar um selstöður og beitarhús en margvíslegar aðrar minjar voru skráðar. Á svæðinu voru t.d. rakin mikið af fornum garðlögum sem líklega eru frá fyrstu öldum byggðar í landinu sem og skráðar nokkrar áður óþekktar rústir með órátt hlutverk. Margt “nýtt” og skemmtilegt kom í ljós við skráninguna í sumar og má þar nefna mjög fornlegar rústir, skammt frá Brenniseli, andspænis Kvígindisdal og fornlega skálarúst skammt frá bænum Kvígindisdal. Markmið



Birna Lárusdóttir við skráningu rústar á austanverðum dalnum í júní 2010 mynd: Elín Hreiðarsdóttir


sumarsins var að ljúka skráningu á dalnum og tókst það. Í vetur fer svo fram úrvinnsla á þeim gögnum sem safnað var og verða niðurstöður skráningarinnar teknar saman í lokaskýrslu um verkefnið í lok vetrar. Ásamt niðurstöðum um merkustu fornleifar dalsins og hugleiðingum um upphaf byggðar á dalnum og eðli hennar allt frá aldaöðli verður þar haldið áfram að þróa hugmyndir um kynningu dalsins fyrir heimamönnum sem og ferðamönnum og þar byggt á hugmyndavinnu síðustu ára en sá hluti verkefnisins fékk einmitt tilnefningu til Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands síðastliðinn vetur. Nú þegar vettvangsrannsóknunum á dalnum lýkur gefst gott tækifæri til að halda áfram þróun hugmynda um kynningu hans og til að hefja þá uppbyggingu sem nauðsynleg er svo að hugmyndir um dalinn sem vinsælt göngu- og útivistarsvæði geti orðið að veruleika en til þess hlutverks er dalurinn afar vel fallinn, aðgengilegur almenningi og afar stutt frá góðum samgöngum og þéttbýlum sveitum Suður Þingeyjarsýslu.



Rústir Láfsgerði í dalsmynni Seljadals. Mynd: Árni Einarsson

Fornleifarannsóknir á Litlu Núpum


Unnið var við rannsóknir á kumlateignum á Litlu Núpum í átta daga sumarið 2010 og urðu manndagar á vettvangi rétt um fimmtíu talsins. Opnað var svæði sem var 16x4 metrar að stærð austur af bátskumlinu sem rannsakað var sumrin 2007 og 2008. Þótt svæðið hafi verið greinilega hreyfst af völdum uppblásturs og frostlyftingar fundust leifar af hrosskumli norð-austur af bátskumlinu og er talið hafa fylgt því á sínum tíma. Með rannsóknum sumarsins eru



væntanlega í ljós komin öll ummerki bátskumlsins og kumla er fylgdu því en ekki er ólíklegt að fleiri stök kuml séu að finna innan kumlateigsins sem kann að vera mun stærri en núverandi vitneskja gefur til kynna.

Einnig voru gerðar frumrannsóknir á meintum bæjarhól á Litlu Núpum og bæjarhóllinn mældur með GPS stöð svo gera mætti þrívíddarlíkan auk þess að tekin voru sýni með kjarnabor með skipulögðum hætti í leit að ruslahaug. ekki tókst að finna ruslahauginn en í ljós komu möguleg gólfhlög undir sjáanlegum tóftum á yfirborði. Frekari rannsóknir gætu leitt í ljós hvort um sé að ræða upphaflegt bæjarstæði Litlu Núpa eða ekki.

Uppdráttur af kumlateignum á Litlu Núpum.



Mynd tekin úr flugdreka af kumlateignum á Litlu Núpum. Grjóti hefur verið hlaðið ofan á kumlin og útlitið því mögulega líkt og það var er heygt var. Mynd: David Stott.

Rannsóknir á kumlateignum á Ingiríðarstöðum


Unnið var við rannsóknir á kumlateignum á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal í 14 daga sumarið 2010 (*kumlateigur: grafreitir frá heiðnum sið sem inniheldur a.m.k. nokkrar heiðnar grafir*). Í ljós kom L laga torfveggur innan kumlateigsins sem nær a.m.k. 10 metra norður suður og 3 metra austur vestur. Utan veggjarins hefur jarðvegur verið hreinsaður burtu, væntanlega notaður í byggingu veggisins og landnámssyrpan (gjóskulagasyrpa frá um 870) fannst í torfi í veggnum. Ekki fundust stoðarholur eða góflög innan torfveggjarins og því ekkert sem bendir til að þetta hafi verið mannaússtaður eða útihús. Svo virðist að torfveggurinn sé á einskonar upphækkun líkt og minnisvarði innan kumlateigsins sem kann að vera stærsti kumlateigur sem fundist hefur hérlandis. Í torfveggnum sjálfum fundust hins vegar holur eða gryfjur. Hóla í horni torfveggjarins var tóm, hvorki bein né annað þar að finna og því mætti ætla að um væri að ræða mjög stóra stoðarholu þar sem timburstoð kynni að hafa verið reist. Önnur stór hola veggnum innihélt hins vegar brot af höfuðkúpu af manneskju, kjálka úr höfuðkúpu af ketti og safn annarra dýrabeina, m.a. kjálka úr höfuðkúpu af kind og nokkur nautgripabein.

Ef horft er framhjá staðsetningu beinanna í torfveggnum (og höfuðkúpubrota af manneskju) þá gæti verið um að ræða úrgang (matarleifar) en hins vegar er ekki hægt að útskýra með góðu móti að ruslahola fyrir matarleifar hafi verið grafin ofan í torfvegg innan kumlateigs frá heiðnum tíma. Ætla mætti að önnur staðsetning myndi hafa hentað betur til þeirra verka.

Að auki kom í ljós óhreyfð bein nýbura í mjög lítilli gröf þétt við hlið torfveggjarins. Greinilegt var að gröfin var þakin torfi sem innihélt landnáms-gjóskusyrpuna og hafði ekki verið hreyfð frá því gröfin var tekin og svo virðist að gröfin sé jafngömul torfveggnum sjálfum. Óvarlegt er að ætla

að þessi ummerki séu um einhverskonar trúarlega siði eða jafnvel fórnarathafnir þar sem þekking um slíka staði frá víkingaöld á Íslandi er afar takmörkuð og ekki er hægt að byggja á einstökum mögulegum ummerkjum um slíka siði. Þrátt fyrir það gefa fyrstu vísbendingar tilefni til að ætla að um einhverskonar trúarlegar athafnir hafi verið að ræða og ljóst er að afar mikilvægt er að rannsaka nánar svæðið innan torfveggjarins sem og tilurð hans eftir því sem hægt er auk þess að ljúka upp leyndardómi kumlateigsins í heild sinni.

Þessar nýju uppgötvanir undirstrika mikilvægi þess að rannsóknum verði haldið áfram á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal og sú þekking sem þar aflast kann að valda straumhvörfum í skilningi manna á grafarsíðum forfeðra okkar í heiðnum sið auk þess að þróa og bæta þá aðferðafræði sem beitt er við uppgröft og fornleifarannsóknir.



Yfirlitsmynd af kumlateignum á Ingiríðarstöðum.



Uppgraftrarsvæðið á Ingiríðarstöðum, horft til suðurs. Mynd: Howell Magnús Roberts.



Lilja Pálsdóttir fornleifafræðingur ásamt gestum á “Fornum fimmtudegi” á Ingiríðarstöðum. Mynd H.M.R.

Þórutóftir í Seljadal

Þórutóftir eru áður óþekktar tóftir í nágrenni Hólakots, suð-vestan í Narfastaðafelli og teljast til Seljadals, eyðidals sem liggur milli Reykjadals og Fljótsheiðar. Seljadalurinn er um margt merkilegur, m.a. sökum þess að hann er að mestu óraskaður af vélaöld og nútíma landbúnaði auk þess sem miklar og fornar minjar er þar að finna, m.a. menjar seljabússkappar sem lítið er vitað um í Íslandssögunni. Þórutóftir eru nefndar eftir finnandanum, Þóru Pétursdóttur fornleifafræðingi en tóftirnar fundust árið 2008 þegar hópur fornleifafræðinga og áhugafólks heimsótti tóftirnar í Hólakoti sem líkt og Þórutóftir voru að mestu óþekktar og engar heimildir um þær að finna en hafa nú verið rannsakaðar að hluta.



*Fallegur torfveggur í Þórutóftum og vel má sjá hleðslulagið þótt um þúsund ár sé liðin frá því torfið var skorið og veggurinn hlaðinn.
Mynd: Lilja Pálsdóttir*

Hópur fornleifafræðinga hélt í Þórutóftir um miðjan ágúst og tekinn var prufuskurður sem var einn metri á breidd og 5 metrar á lengd í gegnum ytri vegg á fornlegri og gróinni tóft. (Prufuskurður er skurður grafinn þvert í gegnum afmarkað svæði, fyrst og fremst til forrannsókna og aldursgreiningar). Mjög vel varðveittur torfveggur hlaðinn úr „Sniddu“ kom í ljós og landnámslagið var að finna í torfhleðslunni. Leifar af gólflagi og stoðarholur fundust innan torfveggjarins undir talsverðu lagi af fokmold í mörgum lögum og var þar einnig að finna gjóskulag frá árinu 1104. Af gjóskulögum og öðrum ummerkjum má ráða að Þórutóftir hafi byggst fyrir árið 1050 og verið farið í eyði talvert fyrir árið 1104 og „búseta“ í Þórutóftum hafi því verið skammvinn, hver svo sem búsetan var. Þessar upplýsingar eru mikilvægt innlegg í vitneskju manna um upphaf búsetu í Seljadal og sýnir að búseta hefur hafist fyrr í dalnum en áður var talið þó svo ekki sé ljóst hvaða not menn hafa haft af hinum fornu og grónu Þórutóftum í Seljadal.

Fornir Fimmtudagur

Mikill og aukinn áhugi er meðal almennings á starfi fornleifafræðinga og fornleifarannsóknum í Þingeyjarsýslu og ekki er að efa að starfsemi Hins þingeyyska fornleifafélags hefur haft þar mikil og góð áhrif og frábært samstarf félagsins og Fornleifastofnunar Íslands Ses. hefur gert það að verkum að almenningur hefur átt auðveldara með að kynna sér störf fornleifafræðinga á vettvangi.

Í sumar bauð Hið þingeyyska fornleifafélag í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands almenningi að heimsækja fornleifafræðinga á vettvang rannsókna í fimm skipti og var dagskráin send inn á hvert heimili í Suður - Þingeyjarsýslu auk þess sem auglýst var í útvarpi, í staðarmiðlum á íslensku og á ensku og á heimasíðu félagsins www.fornleifafelag.is Gestum bauðst að kynna sér fornleifaskráningu á Seljadal, kumlarannsóknir á Litlu Núpum, fornleifarannsóknir í Þegjandadal sem allar eru á vegum Hins þingeyyska fornleifafélags og að auki uppgröft á fornum ruslahaug á Skútustöðum í Mývatnssveit og rannsóknir á kirkjugarðinum á Hofstöðum í Mývatnssveit í samstarfi við góða félaga okkar þau Þóru Pétursdóttur, Hildi Gestsdóttur og prófessor Thomas McGovern. Viðtökur almennings voru frábærar og nærri 200 manns heimsóttu rannsóknastaðina og þar af gengu fjörutíu og átta manns, þar á meðal nokkur börn, átta kílómetra til að heimsækja fornleifafræðinga á Ingiríðarstöðum í Þegjandadal. Heimsóknirnar tókust afar vel og ljóst að viðburðir sem þessir eru góð viðbót við aðra menningarstarfsemi og afþreyingu sem í boði er í Þingeyjarsýslu fyrir heimamenn og ferðafólk.

*Fjörutíu og átta manns á leið í heimsókn í Ingiríðarstaði í Þegjandadal.
Mynd: Howell Magnús Roberts.*



Fornir fimmtudagar og miðaldir á miðvikudegi

Hið þingeyyska fornleifafélag í samstarfi við Fornleifastofnun Íslands stendur að gönguferðadagskrá um minjasvæði í Suður-Þingeyjarsýslu. Fornleifafræðingar taka á móti gestum á eftirtöldum stöðum þar sem rannsóknir eru í gangi.

Fimmtudagur 24. júní Seljadalur - Láfsgerði
Kl. 20.30 (1-1,5 klst.) Mæting við afleggjara að Kvigindisdal (rétt ofan Einarstaðaskála og Jaðars). Ca. 15 mínútna ganga er frá afleggjara í norð-vestur að Láfsgerði. Fornleifafræðingarnir Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir frá Fornleifastofnun Íslands gefa gestum innsýn í fornleifaskráningu og tóftirnar á Láfsgerði verða skoðaðar.

Fimmtudagur 1. júlí Litlu Núpum í Aðaldal.
Kl. 16.30 (1,5 klst.)
Mæting við afleggjarann að Litlu Núpum vestan við brúna yfir Mýrarkvísl.
Howell Magnús Roberts og fornleifafræðingar frá Fornleifastofnun Íslands ganga með gestum um Kumlateigin á Litlu Núpum og að bæjarhólum.



Fimmtudagur, 8. júlí Skútustaðir í Mývatnssveit
Kl. 16:30 (1 klst.) Þóra Pétursdóttir fornleifafræðingur og Dr. Thomas McGovern leiða gesti um uppgrafsarsvæðið á Skútustöðum en þar er að finna mannvistarleifar sem spanna áhrundruð.

Fimmtudagur, 15. júlí Hofstaðir
Kl. 20.30 (1 klst.) Hildur Gestsdóttir fornleifafræðingur og sérfræðingur í mannabeinum leiðir gesti um gamla kirkjugarðinn á Hofstöðum og segir frá rannsóknum á fornum mannabeinum.

Miðvikudagur 21. júlí Þegjandadalur
Kl. 13:00, ferðin tekur 3-4 klst.
Fornleifafræðingar Fornleifastofnunar Íslands ganga með gestum um hina merku eyðibýggð á Þegjandadal sem ekki hefur verið hróflað við í áhrundruð.

Allir eru velkomnir í göngurnar sem eru ókeypis.
Ekki er þörf á skráningu þátttakenda.
Þátttakendur eru hvattir til að vera í góðum skóm og að hafa með sér vatnsflösku og flugnanet ef hlýtt er í veðri.
Frekari upplýsingar á www.fornleifafelag.is, eða í síma 848 3586 (Sif) eða 894 4594 (Unnsteinn)

Vinsamlega geymið auglýsinguna.

Hið þingeyyska fornleifafélag
og Fornleifastofnun Íslands

Hið þingeyska fornleifafélag þakkar eftirtöldum aðilum samstarfið:

Howell Magnus Roberts, Fornleifastofnun Íslands
Þóra Pétursdóttir, Fornleifastofnun Norðurlands
Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Fornleifastofnun Íslands
Hildur Gestsdóttir, Fornleifastofnun Íslands
Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands
David Stott, Fornleifastofnun Íslands
Etel Colic, Fornleifastofnun Íslands
Solveig Guðmundsdóttir Beck, Fornleifastofnun Íslands
Oskar Gisli Sveinbjarnarsson, Fornleifastofnun Íslands
Birna Lárusdóttir, Fornleifastofnun Íslands
Magnús A. Sigurgeirsson, Íslenskar Orkurannsóknir
Árni Einarsson, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn
Ólöf Þorsteinsdóttir, Fornleifastofnun Íslands
Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands
Orri Vésteinsson, Háskóli Íslands

Samstarfsaðilar Hins þingeyska fornleifafélags 2010:

Fornleifastofnun Íslands, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn, Ferðaþjónustan á Narfastöðum ehf., Fornleifaskóli barnanna (Kids archaeology project Iceland- KAPI), Þingeyskur sagnagarður, sveitarfélagið Þingeyjarsveit, North Atlantic Biocultural Organisation (NABO) Prof. Thomas H. McGovern, Hunter College, CUNY, Prof. Andrew Dugmore, University of Edinburgh, Prof. Ian Simpson, University of Stirling, Dr. Michael Church, University of Durham, Dr. Philippa Anscomb, University of Edinburgh, Dr. Andrew Casely, University of Edinburgh, Prof. Christian Keller, University of Oslo, Prof. Sophia Perdikaris, Brooklyn College, CUNY